

Uppgjör HB Granda hf. á öðrum ársfjórðungi 2018

- Rekstrartekjur samstæðunnar á öðrum ársfjórðungi voru 49,8 m€ og 100,0 m€ á fyrri árshelmingi (2F 2017: 54,8 m€, 1H 2017: 96,8 m€)
- EBITDA nam 2,8 m€ á öðrum ársfjórðungi og 10,6 m€ á fyrri árshelmingi (2F 2017: 6,5 m€, 1H 2017: 13,9 m€)
- Tap á öðrum ársfjórðungi var 0,2 m€ og hagnaður á fyrri árshelmingi 3,1 m€ (2F 2017 hagnaður: 1,9 m€, 1H 2017: 5,7 m€ hagnaður)
- Handbært fé frá rekstri nam 6,0 m€ á fyrri árshelmingi (1H 2017: 6,7 m€)

Rekstur fyrstu sex mánaða ársins 2018

Rekstrartekjur HB Granda hf. á fyrri helmingi ársins 2018 námu 100,0 m€, samanborið við 96,8 m€ árið áður. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 10,6 m€ eða 10,6% af rekstrartekjum, en var 13,9 m€ eða 14,4% árið áður. Áhrif fjáreignatekna og fjármagnsgjalda voru neikvæð um 1,5 m€, en voru nekvæð um 1,5 m€ á sama tíma árið áður. Áhrif hlutdeildarfélaganna voru jákvæð um 1,5 m€, en voru jákvæð um 1,0 m€ árið áður. Hagnaður fyrir tekjuskatt var 3,7 m€ og hagnaður tímabilsins var 3,1 m€.

Ársfjórðungsyfirlit - Lykiltölur				
Í þúsundum evra	2F2018	2F2017	1H2018	1H2017
Seldar vörur	49.805	54.817	99.957	96.813
Kostnaðarverð seldra vara	(43.984)	(46.141)	(84.297)	(79.252)
Vergur hagnaður	5.821	8.676	15.660	17.561
Aðrar tekjur	744	101	744	1.240
Útflutningskostnaður	(2.774)	(2.581)	(5.303)	(4.470)
Annar rekstrarkostnaður	(4.043)	(3.315)	(7.373)	(6.510)
(Rekstrartap) -hagnaður	(252)	2.881	3.728	7.821
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	(268)	(1.062)	(1.537)	(1.525)
Áhrif hlutdeildarfélaganna	93	530	1.464	1.048
(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt	(427)	2.349	3.655	7.344
Tekjuskattur	227	(405)	(604)	(1.685)
(Tap) hagnaður tímabilsins	(200)	1.944	3.051	5.659
EBITDA	2.839	6.535	10.632	13.912

Uppgjör HB Granda hf. á öðrum ársfjórðungi 2018

Efnahagur

Heildareignir félagsins námu 514,5 m€ í lok júní 2018. Þar af voru fastafjármunir 430,0 m€ og veltufjármunir 84,5 m€. Eigið fé nam 250,5 m€, eiginfjárhlutfall í lok júní var 48,7%, en var 51,6% í lok árs 2017. Heildarskuldir félagsins voru í júnílok 264,0 m€.

Efnahagsreikningur 30.06.2018 - Lykiltölur		
í þúsundum evra	30.06.2018	31.12.2017
Fastafjármunir	430.029	415.703
Veltufjármunir	84.512	82.389
Eignir samtals	514.541	498.092
Eigið fé	250.508	257.172
Langtímaskuldir	202.522	172.111
Skammtímaskuldir	61.511	68.809
Eigið fé og skuldir samtals.....	514.541	498.092

Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri nam 3,3 m€ á tímabilinu, en nam 6,7 m€ á sama tíma fyrra árs. Nettó fjárfesting í rekstrarfjármunum nam 16,6 m€. Fjármögnunarhreyfingar voru jákvæðar um 8,6 m€. Handbært fé lækkaði um 4,6 m€ á tímabilinu og var í lok júní 13,0 m€.

Sjóðstreymi - Lykiltölur		
	2018	2017
í þúsundum evra	1.1.-30.06	1.1.-30.06.
Handbært fé frá rekstri	6.020	6.650
Fjárfestingarhreyfingar	(19.296)	(36.387)
Fjármögnunarhreyfingar	8.627	31.748
(Lækkun) hækkun á handbæru fé.....	(4.649)	2.011
Handbært fé í lok tímabilsins.....	12.954	9.345

Meginniðurstöður færðar til íslenskra króna

Séu niðurstöður rekstrarreiknings reiknaðar til íslenskra króna á meðalgengi fyrri árshelming 2018 (1 evra = 123,5 kr) verða tekjur 12,3 milljarðar króna, EBITDA 1,3 milljarður og hagnaður 0,4 milljarðar. Séu niðurstöður efnahagsreiknings reiknaðar til íslenskra króna á gengi 30. júní 2018 (1 evra = 123,45 kr) verða eignir samtals 63,5 milljarðar króna, skuldir 32,6 milljarðar og eigið fé 30,9 milljarðar.

Skipastóll og afli

Í lok júní gerði félagið út 8 fiskiskip, en síðasti ísfisktogarinn af þremur Viðey RE-50 fór í fyrstu veiðiferð sína í júní.

Uppgjör HB Granda hf. á öðrum ársfjórðungi 2018

Á fyrri árshelmingi ársins 2018 var afli skipa félagsins 23,8 þúsund tonn af botnfiski og 73,2 þúsund tonn af uppsjávarfiski.

Önnur mál

Í byrjun júní seldi eignarhaldsfélagið Deris S.A., sem HB Grandi á 20% hlut í, allar eignir fiskeldisfyrirtækisins Salmones Friosur S.A. til Exportadoa Los Fiordos Limitada (dótturfélags Agrosuper S.A). Lok viðskipta eru áætluð á þriðja ársfjórðungi 2018 en viðskiptin eru háð samþykki stjórnvalda í Síle. Söluverðið var 229 milljónir usd eða um 195 milljónir evra á söluþegi. Áhrif söllunnar á rekstarafkomu Deris S.A. að teknu tilliti til skatta eru áætluð 103 milljónir usd (um 88 milljónir evra) og 20% hlutur HB Granda í þeim 21 milljón usd (18 milljónir evra).

Kynningarfundur þann 30. ágúst 2018

Opinn kynningarfundur um afkomu félagsins á öðrum ársfjórðungi verður haldinn fimmtudaginn 30. ágúst klukkan 8:30 í höfuðstöðvum félagsins að Norðurgarði 1. Guðmundur Kristjánsson forstjóri mun kynna uppgjörið og svara spurningum.

Guðmundur Kristjánsson, forstjóri HB Granda hf.:

„Taprekstur á HB Granda á öðrum ársfjórðungi er óviðunandi. Skýringar eru m.a. hátt gengi íslensku krónunnar sem dró úr arðsemi fiskvinnslunnar. Þá taka veiðigjöld ekki tillit til arðsemi af veiðum einstakra fisktegunda, því grunnur veiðigjaldsins er afkoma greinarinnar árið 2015.

Ég sé góð færi til að bæta rekstur HB Granda. Veiðar má auka með auknum veiðiheimildum og arðsemina má bæta með breytingum á skipum og flota. Verið er að skoða fjárfestingar í vinnslu og tæknibúnaði sem ættu að hafa jákvæð áhrif á reksturinn þegar fram í sækir. Einnig er í athugun að auka samstarf á sviði markaðs- og sölumála og jafnvel fjárfesta í erlendum sölufélögum.”